



NÁMSKRÁ SUNDLAUGARVÖRÐUR

Apríl 2021

Unnið af SÍMEY Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Námskrá	Yfirlit yfir námsþætti og samsetningu þeirra til námsloka. Vistuð í gagnagrunni mennta- og menningarmálaráðuneytisins og vottuð eftir formlegu ferli.
Námslýsing	Dæmi um útfærslu námskrár. Samsetning námsþátta í námskeið. Hæfniviðmið hvers hluta og ábendingar til leiðbeinanda. Getur einnig innihaldið fleiri upplýsingar og matstæki. Gera má fleiri en eina námslýsingu byggða á sömu námskrá.
Námskeið	Námslýsingar samanstanda af námskeiðum. Lengd námskeiða er a.m.k. 40 klst. vinnuframlag námsmanns. Hægt er að skipta námskeiði í minni einingar en staðfest námslok fyrir námskeið fást ekki fyrir en því er að fullu lokið. Viðurkenndur fræðsluaðili hefur umsjón með stöðu hvers námsmanns og þátttöku hans í námskeiði.
Námsþáttur	Innihald/hæfniviðmið náms eins og því er lýst í námskrá í námskrárgrunni mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Námsþættir eru valdir í hæfnigreiningum FA.
Lokaverkefni	Til að ljúka námi eins og því er lýst í námskrá getur þurft að vinna lokaverkefni.
Starfsreynsla	Staðfestur tími sem viðkomandi hefur sinnt starfinu sem námið undirbýr fyrir, eða starfi sem telst vera „undanfari“ starfsins.
Starfsþjálfun	Staðfestur tími námsmanns í því starfi sem námskráin undirbýr fyrir. Lögð er áhersla á að þátttakendur fái tækifæri til að þjálfa frekar þá hæfni sem unnið hefur verið með í náminu. Starfsþjálfun fer fram eftir að nám er hafið.
Starfsþjálfari	Skipaður aðili á vinnustað sem styður við nám og þjálfun með markvissum hætti í samstarfi við fræðsluaðila.
Námsstaður	Kennsla á námskeiði getur farið fram: - hjá viðurkenndum fræðsluaðila í hefðbundnu námsumhverfi - í bland hjá viðurkenndum fræðsluaðila og í starfi á vinnustað (sem vinnustaðanámi) - alfarið í starfi á vinnustað (sem vinnustaðanámi) - í hefðbundnu námsumhverfi en hjá öðrum en þeim fræðsluaðila sem stýrir náminu.
Viðurkenndur fræðsluaðili	Aðili í framhaldsfræðslu sem hlotið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Viðurkenndur fræðsluaðili sem stýrir náminu, heldur utan um námsferil námsmanns og gefur út staðfestingu á námslokum þegar þar að kemur.
Vinnustaðanámi	Staðfestur tími námsmanns í því starfi sem námskráin undirbýr fyrir. Lögð er áhersla á markvissa og skipulagða fræðslu, leiðsögn og eftirlit í samræmi við hæfnikröfur námskrár.
Námstími	Námstími er sá tími sem námsmaður ver í nám sitt bæði hjá fræðsluaðila, á vinnustað og í heimavinnu (vinnuframlag námsmanns).

Verkdagbók	Verkfæri til að meta námsframvindu. Í verkdagbókina safna þátttakendur öllum gögnum úr náminu (m.a. námsdagbók, verkefnum og matsblöðum) en það gerir þeim kleift að halda utan um þá hæfni, þekkingu og leikni sem þeir öðlast meðan á náminu stendur. Jafnframt auðveldar það þeim og leiðbeinendum að meta hvort námið sé að skila tilætluðum árangri.
Námsdagbók	Tæki til að skipuleggja nám og störf og til að meta aðferðir og árangur náms jafnóðum. Námsmaður skrifar reglulega (daglega) eigin túlkun á því sem fram fer í náminu og þess á milli til íhugunar og upprifjunar.
Matsblöð	Fyrir hvert námskeið eru sett fram matsblöð fyrir viðeigandi námsþætti.

Námslýsing

Námsskráin byggir á starfaprófil fyrir sundlaugarvörð og eldri námsskrá. Námsskráin lýsir námi á 2. þrepi samkvæmt hæfniramma um íslenskt menntakerfi og er ætlað þeim sem starfa eða hafa hug á starfa við sundstaði. Við gerð námsskrárinnar var einkum horft til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga á þessum vettvangi, en námið getur jafnframt hentað starfsmönnum einkageirans. Markmið námsins er að tryggja að starfsfólk sundstaða hafi þá hæfni sem þarf til að sinna skilgreindum viðfangsefnum í samræmi við starfaprófilinn.

Starf sundlaugarvarðar er skilgreint á eftirfarandi hátt: „Tilgangur starfsins er að þjónusta gesti sundstaða og tryggja öryggi og velferð þeirra ásamt því að halda sundstaðnum hreinum. Meginviðfangsefni sundlaugarvarðar eru að vakta sundlaugarsvæði og sinna eftirliti með vatnsgæðum ásamt því að þjónusta og sinna upplýsingagjöf til fjölbreytts hóps viðskiptavina. Hann afgreiðir og gætir fjármuna, sinnir gæslu í klefum, fylgist með hreinlæti og böðun og aðstoðar eftir þörfum. Sundlaugarvörður veitir skyndihjálp ef óhöpp verða eða bráð veikindi koma upp og sinnir björgun úr laug í neyðartilfellum. Hann þarf oft að taka sjálfstæðar ákvarðanir, en fylgja um leið verk- og starfslýsingum. Sundlaugarvörður vinnur á vöktum bæði úti og inni, oft í kulda eða í röku og heitu lofti. Vinnan getur verið líkamlega erfið. Sundlaugarvörður er oft við viðkvæmar aðstæður sem tengjast nekt, kyni og menningarmun og hann fylgir ströngum reglum varðandi persónuvernd og þagnarskyldu.“

Í náminu er lögð áhersla á að námsmaður öðlist hæfni í móttöku og þjónustu við fjölbreyttan hóp viðskiptavina og að tryggja öryggi og velferð þeirra er sundstaði sækja. Mikil áhersla er lögð á að námsmaður öðlist hæfni í að vinna samkvæmt verklagi um öryggi ásamt því að geta fylgt þeim kröfum sem settar eru fram samkvæmt lögum og reglum. Jafnframt er lögð áhersla á að hann tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð og efla samvinnu- og samskiptafærni sína. Tilgangur námsins er að styrkja jákvæð viðhorf námsmanna til starfsgreinarinnar, efla færni og faglega þekkingu til að takast á við helstu viðfangsefni og aukna ábyrgð í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi í starfi í sundlaugum. Sérstaklega á sviði móttöku og þjónustu við viðskiptavini og til aukinna gæða og öryggi þjónustunnar.

Námið er 200 klukkustundir að lengd og byggist upp á fimm námsþáttum. Við námslok er möguleiki á að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla allt að 10 framhaldsskólaeiningar. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Athugið að samkvæmt 8. gr. reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum 814/2010 þarf sundlaugarvörður að standast árlegt hæfnispróf sundstaða (sundpróf, björgun úr vatni og sérstakt skyndihjálpanámskeið ætlað starfsfólki sundstaða). Einnig skulu starfsmenn sem vinna við meðferð tækja og efna árlega fá viðeigandi þjálfun skv. 8. gr. reglugerðarinnar (814/2010). Þessir þættir eru ekki hluti af þessari námsleið.

Inntökuskilyrði

Engin formleg inntökuskilyrði eru í þetta nám en námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði með þá hæfni sem þarf til að takast á við alla hluta námsins.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk hans er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir og tryggja rökréttu samfellu þeirra. Hann skipuleggur hvernig tíma innan hvers námsþáttar er varið undir leiðsögn leiðbeinanda annars vegar og í sjálfstætt nám hins vegar. Áhersla er lögð á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum námsmönnum. Æskilegt er að leiðbeinendur taki mið af öllum námsþáttum námskrárinnar til að tryggja samþættingu þeirra og leitist við að nota raunveruleg viðfangsefni. Miðað er við að verkþjálfun fari fram samhliða náminu til að styðja við yfirfærslu þess. Áhersla er lögð á að verkefnastjóri náms fylgist með framvindu, tryggi að þjálfun nái til allra þátta í náminu og styðji þátttakendur í því sem snýr að þjálfun á vinnustað. Það má til dæmis gera með því að þátttakendur vinni lokaverkefni þar sem unnið er með alla þætti námsins.

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og þátttakendur fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig námsmönnum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat er staðfesting á námsárangri, það skal jafnframt nota sem lærdóm, hvatningu og endurgjöf á námstímanum.

Markhópar

- einstaklingar með stutta skólagöngu að baki
- einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki
- einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína
- starfsmenn í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni

Hæfniviðmið náms

Þekkingarviðmið:

- Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á reglum og verkferlum sem varðar öryggismál og hollustuhætti.
- Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á reglum og verkferlum sem varða persónuvernd og þagnarskyldu.
- Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á ólíkum þörfum einstaklinga eftir bakgrunni þeirra.

Leikniviðmið:

- Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að miðla upplýsingum til fjölbreytts hóps viðskiptavina.
- Námsmaður skal hafa öðlast leikni í samskiptum við ólíka einstaklinga.
- Námsmaður skal hafa öðlast leikni í notkun viðeigandi eftirlits og öryggisbúnaðar sem og hjálpar- og tækjabúnaðar.
- Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að umgangast hættuleg efni.

Hæfniviðmið:

- Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að tryggja öryggi gesta.
- Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að veita gestum góða þjónustu og sinna upplýsingagjöf til fjölbreytts hóps viðskiptavina.
- Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að halda búnaði, húsnæði og aðstöðu í hreinu og góðu ásigkomulagi.

Yfirlitstafla

Sundlaugarvörður

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Kl.st framlag-viðbót	Eining	Prep
Almenn starfshæfni	F-ALSH2SH (21)	40	10	30	2	2
Samskipti	F-SASK3ÚV (10)	25	25	0	1,25	3
Þjónusta	F-ÞJÍM3PS (2)	25	25	0	1,25	3
Hreinlæti og vinnuvernd	F-HRVV2EV (1)	22	20	2	1	2
Sundlaugarvarsla (Sundlaugarvörður)	F-SUÖR2SÖ (1)	88	70	18	4,5	2
Vinnuframlag námsmanns		200	150	50	10	2

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Námskeið 1 - Almenn starfshæfni – F-ALSH2SH

Prep 2

Vinnustundir 40

Undanfari: Enginn

Lýsing:

Tilgangur námsþáttarins er að efla þá almennu starfshæfni sem nauðsynleg er á vinnumarkaði. Hér er átt við þá persónulegu hæfni sem einstaklingur þarf að búa yfir til þess að taka þátt í samfélaginu, sinna starfi á árangursríkan hátt undir leiðsögn og þróast í starfi. Almenna starfshæfnin er mikilvæg bæði á vinnustað og í samfélaginu en á hana reynir á mismunandi hátt eftir aðstæðum og störfum.

Almenn starfshæfni samanstendur annars vegar af hæfni til samstarfs (samskipti, samvinna, og jafnréttisvitund/umburðarlyndi) og hins vegar af hæfni til að sýna vönduð vinnubrögð (aðlögun, nýtni, skipulagning, dómgreind, vinnusiðferði, öryggisvitund, upplýsingaúrvinnsla og ábyrgð á eigin færnieflingu). Í náminu er starfshæfnin þjálfuð með fjölbreyttum aðferðum í tengslum við þau viðfangsefni og úrlausnarefni sem staðið er frammi fyrir í starfi, einkalífi eða í samfélaginu.

Þekkingarviðmið

námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi aðlögunar til að ná árangri
- mikilvægi hagkvæmni og nýtni í fjölbreyttu samhengi
- viðurkenndum og árangursríkum samskiptaleiðum
- skaðsemi fordóma og þeim verðmætum sem felast í fjölbreyttu mannlífi
- leiðum til að meta mikilvægi og trúverðugleika upplýsinga
- mikilvægi liðsheildar í samvinnu til árangurs
- leiðum til að setja fram skipulag og áætlanir
- nauðsyn símenntunar
- hvar leita má að viðeigandi og traustum upplýsingum í tengslum við eigin viðfangsefni
- starfa- og siðareglum vinnustaðar/samfélags
- öryggisreglum vinnustaðar/samfélags.

Leikniviðmið

námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- laga sig að aðstæðum eftir þörfum til að ná árangri í vinnu með mismunandi einstaklingum og hópum
- nýta verðmæti (t.d. tími, peningar, fólk, hráefni) á hagkvæman og skynsamlegan hátt til að ná markmiðum
- hlusta á aðra, tjá sig skýrt og stuðla að opnum samskiptum

- að vinna á árangursríkan hátt með ólíkum einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn (dæmi: aldur, kyn, fötlun, kynhneigð, litaháttur, lífsskoðanir, menning, trúarbrögð, tungumál, ætterni eða þjóðerni) við margskonar aðstæður
- vega og meta hugmyndir og upplýsingar á hlutlægan hátt við ákvarðanatöku
- vinna með öðrum til að ná markmiðum hópsins eða fyrirtækisins
- aðlaga áætlanir til að ná settum markmiðum
- greina og taka á eigin þörf fyrir símenntun og þróun til að bæta frammistöðu í starfi
- finna og draga saman upplýsingar frá viðeigandi aðilum/heimildum (t.d. fólk, bækur, internetið, handbækur)
- fara eftir og styðja starfa- og siðareglur vinnustaðar/samfélags
- koma auga á aðstæður sem geta skapað hættu á vinnustað/samfélagi og grípa til viðeigandi ráða til að halda umhverfinu öruggu.

Hæfniviðmið

námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- laga eigin hegðun að breytilegum aðstæðum til að ná sem bestum árangri
- fylgjast með og meta hvort eigin notkun verðmæta sé hagkvæm og skynsamleg
- stuðla að tjáskiptum við aðra
- laga eigin framkomu á vinnustað að viðurkenndum viðhorfum um jafnrétti og fjölbreytileika
- vinna úr fjölbreyttum upplýsingum í þágu fyrirliggjandi verkefna
- hafa frumkvæði að því að aðstoða og virkja aðra
- skipuleggja eigin verk og forgangsraða þeim
- setja sér námsmarkmið og leita uppi námstækifæri til að viðhalda og efla þekkingu og færni
- fylgja gildandi ferlum við öflun og mat upplýsinga
- styðja starfa- og siðareglur vinnustaðar/samfélags og laga hegðun sína að þeim
- efla öryggisvitund í eigin vinnuumhverfi/ samfélagi.

Námsmat:

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir í samræmi við viðfangsefni námsþáttarins hverju sinni. Ítarleg matsviðmið fyrir almenna starfshæfni má finna á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Námskeið 2 - Samskipti - F-SASK3ÚV

Prep 3

Vinnustundir 25

Undanfari: Enginn

Lýsing:

Tilgangur námskeiðsins er að þjálfa þátttakendur í samskiptum innan samstarfshóps og við viðskiptavini. Á námskeiðinu verður fjallað um ólíkar leiðir í samskiptum við þann fjölbreytta hóp sem sækir íþróttahús og sundlaugar.

Fjallað er um birtingamynd fordóma og menningarmismunar og leitast við að auka skilning á ólíkum siðum, venjum og hegðun mismunandi hópa. Þjálfuð verða viðbrögð við erfiðum samskiptum og bent á leiðir til að stýra ágreiningi, leita lausna og verjast ágengni á faglegan hátt. Þátttakendur læra að lesa úr óyrtri tjáningu, t.d. líkamstjáningu, svipbrigðum og raddblæ og meta áhrif hennar í samskiptum. Fjallað er um helstu frávik og greiningar og hvað hafa þarf í huga í samskiptum við fjölbreyttan hóp viðskiptavina.

Fjallað verður um leiðir til að takast á við breytingar í síbreytilegu starfsumhverfi á uppbyggilegan hátt. Lögð verður áhersla á jákvætt viðhorf til nýrra hugmynda, frumkvæði og endurskoðun á eigin áætlanum/starfsferlum. Þátttakendur fræðast um birtingamyndir eineltis t.a.m. í nemendahópum er sækja sundlaugar og íþróttahús og hvernig bregðast skuli við slíkum aðstæðum. Á námskeiðinu verður farið yfir eðli samstarfs starfsmanna skóla og íþróttamannvirkja. Í því samhengi er m.a. horft til lagalegra þátta, ábyrgðar, öryggismála og samskipta þessara aðila. Sérstaða starfsumhverfisins verður rædd m.t.t. þess hvað er viðeigandi og ásættanlegt í starfinu.

Þekkingarviðmið

námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðarfræði virkrar hlustunar.
- einkennum streitu og hvernig má bregðast má við og fyrirbyggja hana.
- þjónustustefnum og þjónustuviðmiðum, reglum vinnulagi og verklagi fyrirtækisins sem lúta að samskiptum.
- einkennum góðra samskipta og hvernig taka meggi á ágreiningi.
- atriðum sem hafa þarf í huga í fjölmenningsamfélagi.
- samskiptum við ólíka einstaklinga óháð bakgrunni og stöðu.

Leikniviðmið

námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- eiga samskipti við ólíka einstaklinga óháð bakgrunni og stöðu.
- miðla upplýsingum til fjölbreytts hóps viðskiptavina.

Hæfniviðmið

námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- veita gestum góða þjónustu og sinna upplýsingagjöf til fjölbreytts hóps viðskiptavina.
- setja sig í spor annarra og virða afstöðu þeirra, m.t.t. ástæðna, tilfinninga og áhyggna.

- geta haldið ró sinni og tjáð sig á árangursríkan og öruggan hátt við erfiðar aðstæður.
- stuðla að góðri samvinnu og vellíðan á vinnustaðnum.
- koma fram af virðingu við fólk af ólíkum uppruna og með ólíkan bakgrunn.

Námskeið 3 - Þjónusta - F-ÞJÍM3PS

Prep 3

Vinnustundir 25

Undanfari: Enginn

Lýsing:

Áfanganum er ætlað að efla þátttakendur í að veita góða þjónustu í starfi. Farið verður yfir helstu starfsskyldur, siðferðileg viðmið, mörk þjónustu og umgengnisreglur. Fjallað er um grunnþætti þjónustu og mikilvægi þess að hafa viðskiptavininn í brennidepli. Lögð er áhersla á jákvætt viðhorf til nýjunga og að koma auga á leiðir til úrbóta með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Þátttakendur fá leiðsögn í hvernig veita skal góða þjónustu eftir fjölbreyttum leiðum t.d. í síma, tölvupósti, á samfélagsmiðlum og vefsíðum. Fjallað verður um mikilvægi sjálfsþekkingar og sjálfstraust sem grunn að góðri og faglegri þjónustu.

Lögð er áhersla á að efla sjálfstraust námsmanna og hæfni til að laga sig að aðstæðum sem upp geta komið í starfi, koma auga á nýjar leiðir til að ná betri árangri og gera þeim þannig kleift að veita góða þjónustu. Á námskeiðinu verður farið yfir mikilvægi þess að taka rökréttar ákvarðanir þrátt fyrir streituvaldandi aðstæður.

Þátttakendur fræðast um starfsemi sveitarfélagsins, þjónustuhlutverk starfsfólks og áhrif þeirra á ímynd sveitarfélagsins inn á við og út á við. Fjallað verður um helstu flokka frístundar og afþreyingar og þróun í þeim geira og áhrif hennar á störf starfsmanna.

Þekkingarviðmið

námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ólíkum þörfum einstaklinga eftir bakgrunni þeirra.
- eigin takmörkunum (t.d. veikleikum og fordómum) og styrkleikum og áhrifum þeirra á frammistöðu í starfi.
- aðstæðum sem hafa áhrif á þá þjónustu sem veitt er og leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum.
- gæðaviðmiðum, kröfum og hlutverki vinnustaðarins.
- reglum varðandi persónuvernd og þagnarskyldu.

Leikniviðmið

námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- að miðla upplýsingum til fjölbreytts hóps viðskiptavina.
- greina og nýta möguleika til að bæta þjónustu.
- kanna og draga fram ósagðar og óljósar þarfir viðskiptavina.

Hæfniviðmið

námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að veita gestum góða þjónustu umfram væntingar og sinna upplýsingagjöf til fjölbreytts hóps viðskiptavina.
- laga sig að breyttum aðstæðum í starfi til að geta veitt góða þjónustu.

Námskeið 4 - Hreinlæti og vinnuvernd - F-HRVV2EV

Prep 2

Vinnustundir 22

Undanfari: Enginn

Lýsing:

Í áfanganum læra þátttakendur að þekkja mikilvægi hreinlætis og rétttrar meðhöndlunar efna. Einnig að þekkja til ólíkra hliða vinnuverndar og tileinka sér góða líkamsbeitingu. Farið verður yfir hvernig best er að bera sig að til þess að tryggja öryggi og árangur m.a. með notkun gátlista, verkferla, skipulagi og forgangsröðun. Þátttakendur læra um umsjón niðurfalla og um eiturefni og áhrif þeirra á líkama og heilsu.

Farið verður yfir notkun á búnaði og tækjum til þrifa. Þátttakendur læra um öryggi á vinnustað og leiðir til að draga úr slyshættu. Þátttakendur læra grunnatriði í sjálfsvörn og viðbrögð við hættu.

Þekkingarviðmið

námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- reglum, verkferlum og gæðaviðmiðum sem varðar öryggismál og hollustuhætti (reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002).
- þeim efnum og áhöldum sem notuð eru í starfseminni.
- rétta líkamsbeitingu við líkamlega erfiða vinnu.
- áhrifum umhverfisþátta og óhappa á vinnuvernd og þrif.
- afleiðingum og eðli sóunnar.

Leikniviðmið

námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- umgangast hættuleg efni.
- nota viðeigandi eftirlits og öryggisbúnað sem og hjálpar-, stýri- og tækjabúnað.
- Bregðast við hættum, slysum og veikindum.
- að lesa úr upplýsingum og meta áhrif þeirra á starfsemina.
- sóttthreinsa og framkvæma alþrif.

Hæfniviðmið

námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- halda búnaði og húsnæði í hreinu og góðu ásigkomulagi.
- tryggja hollustuhætti og vinnuvernd.
- hafa frumkvæði að úrbótum er varða hreinlæti, heilsuvernd og slysavarnir.
- að haga vinnu sinni á sem hagkvæmastan hátt.

Námskeið 5 - Sundlaugarvarsla (Sundlaugarvörður) - F-SUÖR2SÖ

Prep 2

Vinnustundir 88

Undanfari: Enginn

Lýsing:

Verklag við sundlaugagæslu og öryggiseftirlit á sundstöðum eru afar mikilvægir þættir í þessu námskeiði. Starfið er oft við viðkvæmar aðstæður sem tengjast nekt, kyni og menningarmun. Lögð er áhersla á að efla sjálfstraust námsmanna og hæfni til að takast á við þær aðstæður og álag sem getur komið upp í starfinu. Þátttakendur fræðast um helstu hættur í og við sundlaugar, heita og kalda potta og eimböð. Viðbrögð við þeim hættum verða þjálfuð. Farið verður yfir notkun á eftirlits- og öryggisbúnaði sundlauga.

Helstu hugtök veðurfræði og lestur á veðurkortum verða til umfjöllunar með áherslu á áhrif veðurs á öryggi í og við sundlaugar. Þá læra þeir verklag við eftirlit á sundstöðum þ.m.t. í búningsklefum og við leiktæki. Einnig verður fjallað um lyftur og hjálparbúnað t.d. fyrir aldraða og fatlaða. Þátttakendur rýna í reglur og verkferla varðandi öryggisþætti á sundstöðum, koma með tillögur að úrbótum og ræða þær. Þátttakendur læra hvernig kassauppgjör fer fram og fá þjálfun í því.

Fjallað verður um hvað felst í vatnsgæðum og hvernig skuli vakta og viðhalda þeim. Þátttakendur fá þjálfun að taka sýni, lesa úr mælingum og læra hvernig bregðast skal við frávikum. Einnig verður farið yfir meðhöndlun hættulegra efna, með hliðsjón af leiðbeiningum Vinnueftirlitsins. Sérstaklega er horft til áhrifa efnanna á umhverfið og hvað felst í „grænum vinnubrögðum“. Fjallað verður um ofnæmisáhrif efna sem notuð eru í starfinu. Þátttakendur fá þjálfun í að lesa úr merkingum umbúða og hvernig meðhöndla skal klór.

Þekkingarviðmið

námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- einkennum sykurfalls og helstu sjúkdóma.
- á eigin þolmörkum varðandi vinnuálag og áhrifa vaktavinnu á heilsu og líðan.
- á vatnsgæðum og mikilvægi mælinga á þeim og þekki ofnæmisáhrif vegna efna.
- á reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og starfsleyfisskilyrðum fyrir sund- og baðstaði.
- hættum í sundlaug og á sundlaugarsvæði

Leikniviðmið

námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- afgreiða og gera upp kassa.
- nota hjartastuðtæki.
- meðhöndla klór.
- nota helsta búnað í og við sundlaugar

Hæfniviðmið

námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta áhrif fjölda gesta á starfsemina og bregðast við álagi.
- tryggja öryggi sundlaugargesta.
- veita sundlaugagestum þjónustu sem einkennist af mannvirðingu og jafnrétti
- vakta sundlaugarsvæði og geta brugðist á öruggan hátt við slysum og óhöppum sem kunna að koma upp.
- sinna eftirliti með vatnsgæðum.